



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd Reykshólahrepps
mánudaginn 14. júní 2021 kl. 15.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Ingimar Ingimarsson. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur á fundinum var Stefán Gunnar Thors ráðgjafi hjá VSÓ og sat hann fundinn undir liðum 5 og 6 á dagskránni.

Formaður setti fundinn og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust. Þá gengið til dagskrár.

Fundargerðin er rituð í tölvu og er tvær blaðsíður

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnanefndar 6. maí 2021

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 2005028 – Sjóvörn í Flatey.

Borist hafa athugasemdir frá húseigendum Vinaminnis og Vertshúss vegna grenndarkynningar sjóvarnarinnar.

Afgreiðslu frestað, skipulagsfulltrúa falið að koma á fundi á milli Vegagerðarinnar og húseigenda. Samþykkt samhljóða.

3. 1903004 – Aðalskipulag Reykshólahrepps 2006 – 2018, breyting vegna vindorkuvers í Garpsdal.

Tekið er fyrir svarbréf, dags. 20. maí 2021, frá Skipulagsstofnun varðandi aðalskipulagsbreytingar í Reykshólahreppi í tengslum við vindorkuver í Garpsdal.

Reykshólahreppur sendi erindi um téðar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins til Skipulagsstofnunar til staðfestingar skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga þann 19. apríl 2021. Aðalskipulagsbreytingarnar voru samþykktar í sveitarstjórn Reykshólahrepps 15. apríl 2021 ásamt svörum við athugasemdum sem bárust við auglýstar tillögur.

Í svarbréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að samhliða skipulagsferli þessara aðalskipulagsbreytinga vinna forsvaraðilar áforma um vindorkuver í landi Garpsdals að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Stofnunin telur að þrátt fyrir að það sé mikilvægt að sveitarfélög marki sér stefnu í skipulagsmálum sem lögð sé til grundvallar ákvörðunum um einstök framkvæmdaáform, sbr. m.a umrætt vindorkuver í Garpsdal, þá sé í þessu tilfelli mikilvægt að fyrir liggi þær upplýsingar sem fram munu koma í umhverfismati framkvæmdanna, áður en skipulagsforsendur þeirra eru endanlega ákveðnar með samþykkt og staðfestingu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Skipulagsstofnun mælir með að Reykhólahreppur taki aðalskipulagsbreytinguna til afgreiðslu að nýju þegar umhverfismati framkvæmdanna er lokið.

Skipulagsnefnd Reykhólahrepps hefur móttengið svarbréf frá Skipulagsstofnun er varðar staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna vindorkuvers í landi Garpsdal. Skv. skipulagslögum ber sveitarstjórn ábyrgð á gerð eða breytingu aðalskipulags og sendir það Skipulagsstofnun til staðfestingar sbr. 2. mgr. 29. gr.

Nefndin áréttar að sveitarstjórn hefur samþykkt téðar aðalskipulagsbreytingar er varða breytingar á óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði og ítrekar fyrri beiðni um afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.

4. 2104005 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, náma við Álftadalsá.

Stefán G. Thors ráðgjafi hjá VSÓ fór með nefndinni yfir stöðu mála varðandi námu við Álftadalsá.

Stefáni falið að vinna frekar í málinu.

5. 2104008 – Vegagerð Vestfjarðarvegur 60, breyting á legu Djúpadalsvegar.

Stefán G. Thors ráðgjafi hjá VSÓ fór með nefndinni yfir stöðu mála varðandi breytingu á legu Djúpadalsvegar

Stefáni falið að vinna frekar í málinu.

Önnur mál (ef einhver):

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.00.
